

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1494
komudagur 24.3.2004

EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 461-2733; kt. 561192-2199; Netfang eything@est.is

Akureyri 23. mars 2004


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá félagsmálanefnd Alþingis frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 156. mál, íbúáþing. Stjórnin samþykkti eftirfarandi umsögn:

Stjórn Eyþings telur íbúáþing jákvætt skref í íbúalýðræði eins og margháttuð rök eru færð fyrir í greinargerð með frumvarpinu. Stjórnin telur hins vegar óþarft að lögbinda skyldu sveitarstjórna til að standa fyrir íbúáþingi og leggst því gegn frumvarpinu. Ekkert kemur í veg fyrir að slík þing séu haldin eða aðrar aðferðir þróaðar til samráðs við íbúana. Benda má á að færst hefur mjög í vöxt að undanförmu að íbúáþing séu haldin án þess lögbundið sé.

Þá leggst stjórn Eyþings gegn því að ráðherra séu gefnar opnar heimildir til setningar reglugerða eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

f.h. stjórnar Eyþings


Pétur Þór Jónasson
framkv.stjóri